

Nr. 52.
11. júlí.

Lög

um

sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestssetrið Húsavík, að undanskildu túni, húsum og sex kúgildum staðarins, og kirkjujörðina Þorvaldsstaði, fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta, þó með því skilyrði, að verðið má eigi lægra vera en 25,000 kr.

Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála, og skal salan eigi fara fram fyr en Húsavíkurkaupún er orðið sjerstakt sveitarfjelag. Skulu þá jarðirnar fylgja kaup-túninu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

Nr. 52.
11. Juli.

om

Salg af Præstegaarden Husavik samt af Kirkejorden Thorvaldsstadir.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Regeringen bemyndiges til at afhænde til Husavik Rep inden Thingø Syssel Præstegaarden Husavik med Undtagelse af Gaardens Hjemmemark, Huse og 6 Kvilder, samt til at afhænde Kirkejorden Thorvaldsstadir for den af uvillige af Retten udmeldte Mænd fastsatte Vurderingspris, dog saaledes, at Salgssummen ikke maa være under 25,000 Kr.

Regeringen bestemmer Salgsvilkaarene, og maa Afhændelse først finde Sted efter at Husavik Handelssted er blevet særlig Kommune. Disse Jorder bliver da at henlægge til Handelsstedet.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.